

Nd.

493. Nefndarálit

[60. mál]

um frv. til l. um oliuverzlun ríkisins.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins voru á móti frv., fulltrúi Alþfl. lýsti sig samþykkan efni frv., en taldi sig þó ekki geta samþ. það eins og það lægi fyrir. Ég lagði til, að frv. yrði samþykkt.

Sankvæmt frumvarpinu er lagt til, að ríkið taki í sínar hendur oliuverzlunina í landinu og að horfið verði frá því þrefalda og kostnaðarsama oliudreifingarkerfi, sem nú á sér stað.

Frumvarp um þetta efni hefur verið flutt af Alþýðubandalagsmönnum á mörgum undanfórnum þingum. Það hefur þó aldrei fengið fullnaðarafgreiðslu á Alþingi. Ljóst er af reynslu undanfarandi ára, að það eru fyrst og fremst þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, sem standa í vegi fyrir því, að nauðsynlegar breytingar fái stöðu á því vandræðaástandi, sem ríkir í olíusölu- og oliudreifingarmálunum í landinu. Oliufélögin þrjú, sem nú hafa einokun á olíusölu, hafa, eins og kunnugt er, náð samband sín á milli og algjöra samstöðu um verðlagningu á olíuvörum. Enginn vafi leikur á, að forustumenn þessara félaga eru miklir áhrifamenn í Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki og það eru þeirra áhrif, sem hér eru að verki.

Flestir landsmenn viðurkenna, að sú skipan, sem nú er á olíusöluástandi í landinu, sé í fyllsta máta óeðlileg og óhagkvæm. Það er ríkið, sem annast með sérstökum milliríkjasamningi öll innkaup á olíum til landsins. Olíusamninginn, sem ríkið gerir, afhendir síðan ríkisstjórnin oliufélögunum þremur til framkvæmda. Þannig fá oliufélögin einokunaraðstöðu. Síðan reka oliufélögin oliuverzlunina að nafninu til í samkeppni, en semja þó sín á milli um verðlag, öll tilboð og allt sölu- fyrirkomulag. Þau hafa byggt upp þrefalt dreifingarkerfi um allt land, og víða í þorpum og kaupstöðum er það svo, að oliugeymar þeirra standa hlið við hlið sem lýsandi dæmi um óþarfa fjárfestingu og skipulagsleysi.

Afleiðingar skipulagsleysis í oliudreifingarmálum hafa orðið þær, að hér á landi hefur verið á olíuvörum jafnan verið óheyrilega hátt. Þannig hefur verið á olíum til skipa oft verið 50—70% herra hér á landi en í nálægum löndum.

Olíunotkun er tiltölulega mjög mikil hér á landi. Fiskiskipafлотinn notar mikla olíu, verksmíðjur sömuleiðis, og olía er mjög mikið notuð til húsa hitunar um allt land. Hér er því um mjög þýðingarmikla notkunarvöru að ræða.

Nú er mikið rætt um erfiða rekstrarafkomu atvinnufyrirtækja og mikla dýrtíð á öllum sviðum. Þörf þykir á að gera sérstakar ráðstafanir í efnahagsmálum fyrirtækjum til stuðnings, ýmist með gengislækkunum eða beinum styrkjagreiðslum. En hvers vegna má þá ekki taka upp ódýrara og hagkvæmara sölukerfi á oliuverzlun landsmanna? Hvers vegna á undir slíkum kringumstæðum að halda áfram þreföldu oliudreifingarkerfi með margföldum stofnkostnaði og rekstrarkostnaði umfram það, sem nauðsynlegt er? Getur það verið réttlætjanlegt að halda hér uppi herra oliuverði en nauðsynlegt er, aðeins til þess að þrjú stórfyrirtæki, sem nú hafa olíusöluna með höndum, geti rakað að sér gróða?

Auðvitað á slík óstjórn engan rétt á sér, og að því hlýtur að koma, að almenn- ingur í landinu ásamt eigendum ýmissa atvinnufyrirtækja neiti að una við slíka óstjórn og óþarfaeyðslu.

Við Alþýðubandalagsmenn teljum, að óhjákvæmilegt sé að gera skipulagsbreytingu á þessum málum. Við viljum, að einn aðili hafi með oliuinnflutning og olíusölu að gera. Og við leggjum áherslu á, að oliuverzlunin verði gerð eins ódýr og kostur er á. Við teljum eðlilegast, að sérstök ríkisstofnun hafi með höndum olíusöluálin, og álitum, að á þann hátt mætti koma fram verulegri lækkun á oliuverði.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 18. apríl 1969.

Lúðvík Jósefsson.